


Alþingi
Erindi nr. P 135/3037
komudagur 2.7.2008

Alþingi - Formaður heilbrigðisnefndar
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 16. júní 2008
Tilvísun: 2008050382 LSI/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sjúkratryggingar

Persónuvernd barst bréf heilbrigðisnefndar Alþingis, dags. 4. júní s.l., þar sem nefndin leitaði umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um sjúkratryggingar, lagt fyrir á 135. löggjafarþingi, 613. mál.

Í frumvarpinu eru þrjár lagagreinar er beint varða meðferð persónuupplýsinga og eru það ákvæði 45., 46. og 50. gr. Ákvæði þessi byggja að bróðurparti til á ákvæðum núgildandi laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, en nokkrar orðalagsbreytingar eru lagðar til með frumvarpinu. Persónuvernd telur tilefni til þess að fara örfáum orðum um þær.

Um 45. gr.

Í 3. mgr. ákvæðisins in fine er sjúkratryggingarstofnun, við framkvæmd eftirlits, heimill aðgangur að „ópersónugreinanlegum upplýsingum“ úr heilbrigðisskrám sem landlæknir heldur. Af þessu tilefni vill Persónuvernd benda á að persónugreinanlegar upplýsingar í skilningi 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, er þær upplýsingar sem hægt er að rekja með óbeinum hætti til eins tiltekins einstaklings. Persónuvernd hefur litið svo á að upplýsingar úr sjúkraskrá og öðrum heilbrigðisskrám séu persónugreinanlegar þótt auðkenni hafi verið af þeim máð enda megi síðar tengja upplýsingarnar á ný við viðkomandi einstaklinga með aðstoð greiningarlykils. Sé það vilji löggjafans að ofangreind heimil 3. mgr. 45. gr. frumvarpsins taki eingöngu til ópersónugreinanlegra upplýsinga verður að búa svo um hnútana að þær upplýsingar, sem sjúkratryggingarstofnun kemur til með að afla úr heilbrigðisskrá þeim er landlæknir heldur, séu með öllu órekjanlegar og með engum hætti, beinum né óbeinum, hægt að tengja upplýsingarnar síðar við þá einstaklinga sem upplýsingarnar lutu að í öndverðu.

Um 46. gr.

Ákvæði þetta er samhljóða ákvæði 5. mgr. 52. gr. núgildandi laga nr. 100/2007. Ákvæðið var fyrst sett í lögum með lögum nr. 154/2001, um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar. Persónuvernd veitti umsögn um breytingarfrumvarpið á sínum tíma og með vísan til þeirrar umsagnar telur stofnunin ekki ástæðu til frekari athugasemda.

Um. 50. gr.

Ákvæðið er nýmæli í lögum um almannatryggingar. Tekinn er af allur vafi um að meðferð og vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt lögnum, verði þau samþykkt, skuli vera í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, auk ákvæða laga um réttindi sjúklinga eftir því sem við á. Í núgildandi lögum er ekki að finna almennt ákvæði sem þetta. Aftur á móti er skylt við öflun upplýsinga samkvæmt 2. og 5. mgr. 52. gr. laga nr. 100/2007 að gæta að því að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og jafnframt gætt ákvæða laga um réttindi sjúklinga eftir því sem við á. Persónuvernd telur þessa breytingu til hins betra enda útséð að starfsfólk sjúkratryggingarstofnunar komi til með að fást við mikið magn persónuupplýsinga, bæði almennra og viðkvæmra.

Persónuvernd sér ekki ástæðu til frekari athugasemda af tilefni erindis nefndarinnar. Sé aftur á móti nánari upplýsinga óskað verða þær fúslega veittar.

Virðingarfyllt



Lárus Sigurður Lárusson
lögfr.